

Skýrsla um starfsemi á 1. starfsári Leiknar, 2005 – 2006.
Smári Haraldsson formaður.

Stofnfundur Leiknar var haldinn 25. apríl 2005. Á fundinum gerðust 16 aðilar stofnendur. Peir voru:

1. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
2. Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra
3. Framvegis, miðstöð um símenntun
4. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðin Viska
5. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
6. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
7. Fræðslumiðstöð Þingeyinga
8. Fræðslunet Austurlands
9. Fræðslusambandið Símennt
10. Fræðslusetur iðnaðarins
11. Kvöldskóli Kópavogs
12. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
13. Mímir-símenntun
14. Námsflokkar Reykjavíkur
15. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
16. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Mögulegt var að gerast stofnaðili úr árið 2005 og bættist Menntasmiðjan á Akureyri við á grundvelli þessarar heimildar. Fræðslusambandið Símennt var lagt niður á árinu og eru stofnendur því 16.

Á stofnfundi var Smári Haraldsson kjörinn formaður og aðrir í stjórn þau Birna Gunnlaugsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. Varamenn voru kjörnir Hulda Ólafsdóttir og Emil Björnsson.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Birna var kjörin ritari og Þorbjörg gjaldkeri.

Þorbjörg sagði sig úr stjórninni sumarið 2005, þann þegar hún lét af störfum hjá Námsflokkum Reykjavíkur og var Guðjónína Sæmundsdóttir kjörin gjaldkeri í hennar stað. Í stað Þorbjargar kom Hulda Ólafsdóttir sem aðalmaður inn í stjórnina.

Stjórnin hélt 7 bókaða fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnarinnar voru:

1. Skráning hjá Hagstofu Íslands

Samtökin voru skráð hjá Hagstofu Íslands og fengin kennitala. Voru samtökunum úthlutað kennitalan 490505-0750.

2. Lógó Leiknar.

Stjórnin varð sér úti um nokkrar tillögur að lógói hjá listrænum starfsmönnum stofnana stjórnarmanna. Fyrir valinu varð tillaga frá Ásmundi S. Hilmarssyni hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



3. Erlends samskipti.

Eitt af meginmarkmið samtakanna var að efla erlend samskipti. Leikn hefur gerst aðili að Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og tekið þátt í samstarfi norræna systursamtaka. Hafa fulltrúar Leiknar mætt á einn fund EAEA og tvo fundi í norræna samstarfinu. Næsti fundur samstarfsins verður á Íslandi í ágúst n.k.

4. Kynningarstarf.

Annað mikilvægt verkefni Leiknar á að vera að auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda. Í því skini fór hluti stjórnar samtakanna á fund menntamálaráðherra til að gera grein fyrir samtökunum og hlutverki þeirra um að Leikn vildi vera mikilvægur samstarfsaðili ráðuneytisins við þróun sí- og endurmenntunar í landinu, m.a. sem umsagnaraðili um lagafrumvörp og annað sem snertir þróun fullorðinsfræðslunnar. Einnig var óskað eftir fjárhagslegum stuðningi ráðuneytisins. Ráðherra var mjög jákvæð í garð samtakanna og tók vel í að veita fjárhagslegan stuðning til ákveðinna verkefna.

5. Fjáröflun.

Við stofnun Leiknar var ákveðið að íþyngja stofnendum sem minnst fjárhagslega og reyna að afla tekna fyrir starfsemi samtakanna með öðrum hætti en framlögum frá stofnendum. Í því skyni var sótt um fjárstuðning til allmargra aðila sem tengjast fullorðinsfræðslu á einhvern hátt. Ekkert kom út úr þessum umsóknum,

en þó kváðust sumir tilbúnir til að styrkja ákveðin verkefni. Þó hefur menntamálaráðherra tekið jákvætt í að styrkja samtökin þótt sá stuðningur sé ekki enn í hendi.

6. Umsjón með starfsemi.

Stjórn Leiknar hefur hug á að fá Mennt til að annast dagslegan rekstur samtakanna, en skort fjármagn til að af því hafi getað orðið. Miðað við tekjuafgang síðasta árs og félagsgjöld þessa árs, ásamt hugsanlegum styrk frá menntamálaráðuneytinu er mögulegi á að nú sé unnt að semja við Mennt um einhverja lágmarksstarfsemi. Einkum er mikilvægt að Mennt geti séð um erlendu samskiptin en þau eru nokkuð tímafrek og sérhæfð, þannig að það er fremur erfitt að sinna þeim í hjáverkum með annarri starfsemi hjá aðildarfélögum. Mennt er hins vegar sérhæfð á þessu sviði. Þá þarf að gera heimasíðu fyrir samtökin og þarf hún að vera bæði á íslensku og ensku.

Á þessu fyrsta starfsári Leiknar hefur ekki mikið borið á samtökunum. Þau hafa verið að koma sér fyrir og finna grundvöll fyrir starfsemi sinni. Er það álit formanns að rétt hafi verið að samtökin færu rólega af stað og kæmu inn á svið fullorðinsfræðslunnar af hógværð og virðingu fyrir viðfangsefninu. Ég tel að það hafi tekist og samtökin hafi nú þegar átt nokkurn þátt í að þjappa þeim saman sem á þessu sviði starfa. Á næsta ári er þó eðlilegt að samtökin verði enn frekar nýtt sem samstarfsvettvangur og hinn almenni aðili njóti meira gagns af samtökunum til kynningar og þróunar sí- og endurmenntunar.

Í stofnskrá samtakana eru þröng ákvæði um aðild. Var það haft svo vegna þess að fólk vildi máta samtökin við systursamtök annars staðar og vegna þess að betra þótti að víkka samtökin síðar heldur en að þrengja, ef slíkt þyrfti með síðar. Vegna þessara þröngu ákvæða um aðild hefur ekki verið unnt að veita öllum þeim inngöngu, sem leitað hafa eftir. Í ljósi þeirrar reynslu sem þegar er fengin er eðlilegt að á næsta ári verði þessi ákvæði endurskoðuð með hugsanlega breytingu í huga.

Ég vil að lokum þakka Mennt fyrir skipulagningu þessa aðalfundar og félögum mínum í stjórn Leiknar fyrir gott samstarf á árinu.